

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 24. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt (62.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér endurupptöku sjómannaafsláttar.

Viðskiptaráð Íslands hefur mælt fyrir einföldun á skattkerfi og gegnsæjum reglum. Mikilvægt er að kerfið sé einfalt í framkvæmt og auðvelt í skoðun, jafnræðis verður að gæta meðal mismunandi stétta út frá skattalegu sjónarmiði. Þau sjónarmið sem liggja að baki sjómannaafsláttar í dag samrýmast ekki þeirri hugsjón. Uppruna hans má rekja til mun breyttari tíma en við búum við í dag. Forsendur þær sem lágu að baki honum á þeim tíma eru að mestu leyti ekki lengur til staðar. Af þessum sökum getur Viðskiptaráð ekki mælt fyrir endurupptöku sjómannaafsláttar í lög.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson

Aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs